



Landbúnaðarháskóli Íslands
Agricultural University of Iceland

Alþingi
Erindi nr. Þ 133/320
komudagur 27. 11. 2006

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Hvanneyri 20. nóvember 2006

Hér með fylgir umsögn Landbúnaðarháskóla Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um búnaðarfræðslu, 189 mál - þingskjal 190.

Virðingarfyllst

Agúst Sigurðsson
rektor

**Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um búnaðarfræðslu, þskj.
190 – 189. mál**

**Til: Landbúnaðarnefndar Alþingis
Frá: Landbúnaðarháskóla Íslands**

20.11.2006

Varðandi einstakar frumvarpsgreinar viljum við koma eftirfarandi á framfæri:

10. gr.

Hér er kveðið á um að Hólaskóli sé miðstöð fyrir kennslu og rannsóknir í hrossarækt og hestamennsku, fiskeldi og ferðaþjónustu í dreifbýli. Að okkar mati getur notkun orðsins “miðstöð” kallað á mismunandi túlkun og reyndar óvissu um þýðingu. Það má skilja þetta sem svo að skólinn eigi ekki að þróast yfir á önnur svið en þessi. Jafnframt má af þessu skilja að Landbúnaðarháskóli Íslands, sem tilheyrir sömu lögum, eigi ekki að vinna á þessum sviðum og með þessu sé því sömuleiðis þrengt að starfsemi þess skóla. Staðreyndin er sú að Landbúnaðarháskóli Íslands hefur um langt árabil sinnt háskólakennslu og rannsóknum á þessum sviðum enda starfar hann, eins og kemur fram í 3. gr þessara sömu laga, á sviði landbúnaðar í víðum skilningi. Við leggjum því eindregið til að orðinu “miðstöð” verði sleppt úr lagatextanum og frekar sagt: “Hólaskóli sinnir kennslu og rannsóknum í”

F.h. Landbúnaðarháskóla Íslands
Ágúst Sigurðsson rektor